MIRIAM BAT YOSEF


uppá pallborðið hjá Frönsurum og þeir eru ósnortnir af þeirri list enn. Þess vegna er dálítið ólánlegt, þegar symbólisti kýs að búa í París, enda þekkir Miriam engan þar í borg, sem aðhyllist þessa stefnu; hún telur sig einfara meðal Fransara og er ekki hluti af neinni heild eða félögum.

Af þessu leiðir, að ekki er auðvelt fyrir Miriam að lifa af listinni í Paris. En hún lætur slag standa og tekst það einhvernveginn; meðal annars með því að kenna teikningu í einkatímum. Í kennslu sinni byggir hún á aðferð, sem miðar að því að virkja hægri helming heilans, en kennsluaðferðir hefðbundinna listaskóla virkja vinstra helminginn, eftir því sem talið er. Afleiðingin er sú, að hægra heilahvelið verður óþroskað og þetta hefur farið vaxandi í vestrænni menningu. Fólk treystir á tækni og stærðfræði á Vesturlöndum og hefur glatað hæfileikanum til að skynja umhverfi sitt á líkan hátt og áður var hægt og sumt fólk í fjarlægum löndum getur enn.

En listamaður í París, sem telur sig einfara, — er hann ekki ákaflega einmana? Miriam telur sig ekki einmana, en segir að sú hætta sé vissulega meira fyrir hendi í borg eins og París heldur en Reykjavík til dæmis. En það mun listamönnum sameiginlegt, að þeim leiðist aldrei, því þeir eiga athvarf og verkefni, sem aldrei þrýtur.



Miriam leggur stund á ýmislegt fleira en hefðbundið málverk. Hér er hún á hnjánum í tvílitum kjól (fyrir öflin yin og yang) og málar nakta konu, en fyrirbæri af þessu tagi hafa verið nefndir gjörningar á íslenzku.



Táknrænt innihald stendur Miriam hjarta næsta, en symbólismi af því tagi á ekki uppá pallborðið hjá Frönsurum og þessvegna kveðst Miriam vera einfari í list sinni í París.



Gjörningur úti á götu. Miriam hefur málað pianóið, stólinn og manninn, sem framkvæmir gjörninginn.

Miriam segir, að frekar skorti sig tíma til að gera allt það sem hana langar til. Og hún verður áfram í París, nema hún verði á einhvern hátt neydd til að fara þaðan. En samt er fátt eins fagurt og Ísland í góðu veðri, segir hún.

Myndir sínar vinnur Miriam oft á pappír og þær eru ekki stórar heldur. Það kemur bæði til af því, að í vinnustofu hennar er hvorki hátt til lofts né vítt til veggja, og svo hitt, að þægilegra er að flytja smærri myndir með sér milli landa. Myndirnar eru stundum einkennilega uppbyggðar í þá veru, að hvít, ósnortin eyða verður í miðju þeirra. Algengara er hjá flestum listamönnum að myndflöturinn sé með einhverskonar kjarna í miðjunni en þeim mun minna, sem gerist í myndinni á útmörkunum. Miriam hefur á þessu einkennilega skýringu. Hún segir að þetta stafi frá draumi sínum eða ósk um viðvarandi óléttu. Það er að vísu ósk, sem ekki fær rætzt. En Miriam hefur einu sinni upplifað þetta ástand í nokkra mánuði, nefnilega þegar hún gekk með dóttur sína fyrir liðlega aldarfjórðungi. Það var stórkostlegt ástand, segir hún; það verkaði svo vel á sálarlífið og listina, að hún getur ekki gleymt því.

Ólétta, sem engan enda tæki, væri ákjósanlegasta ástand sem hægt væri að hugsa sér, segir Miriam Bat Yosef.

GÍSLI SIGURÐSSON